

# BOLUNGARVÍKURLÍNA 1. BREYTING Á LEGU OG LAGNING JARÐSTRENGS Í BOLUNGARVÍK.

## Ákvörðun um matsskyldu

### INNGANGUR

Þann 10. júní 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf ehf. f.h. Landsnets um fyrirhugaða breytingu á legu og lagningu jarðstrengs Bolungarvíkurlínu 1 í Bolungarvík til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bolungarvíkurkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Bolungarvíkurkaupstað með bréfi dags. 10. júlí 2013, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvupósti dags. 21. júní 2013, Orkustofnun með tölvupósti dags. 25. júní 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. júní 2013 og Vegagerðinni með bréfi dags. 20. júní 2013.

### FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð Landsnets kemur fram að fyrirhuguð sé að flytja Bolungarvíkurlínu 1 þar sem hún liggja um ofanflóðahættusvæði. Auk þess muni Landsnet færa tengivirki af hættusvæði og koma nýju tengivirki fyrir við Tjarnarkamb. Framkvæmdin feli í sér að taka niður loftlínu á um 920 m kafla. Þess í stað muni hún liggja um nýtt 470 m línustæði út úr hættusvæðinu að endamastrí við veg nr. 629. Þaðan muni línan liggja sem 66 kV jarðstrengur að nýju tengivirki og varaafsstöð, alls um 1.000 m. Strengurinn muni að hluta til liggja í sama lagnastæði og 11 kV strengur Orkubús Vestfjarða og nýs lagnastæðis Bolungarvíkurlínu 2.

Fram kemur að tilgangurinn með framkvæmdunum sé að auka afhendingaröryggi samhliða endurnýjun hluta línunnar og haga framkvæmdum í samræmi við Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.

Fram kemur að þar sem land sé tiltölulega slétt og stutt í veg sé ekki gert ráð fyrir að lagður verði sérstakur línuvegur vegna framkvæmdanna. Enginn línuvegur sé á þeim hluta línunnar sem verði tekinn niður. Efnispörf sé mjög lítil en geti verið um 500 m<sup>3</sup> af sandi sem tekið verði úr námum í rekstri á svæðinu.

**Sjónræn áhrif.** Fram kemur að framkvæmdirnar muni líklega hafa jákvæð sjónræn áhrif þar sem mun styttri hluti línunnar verði sýnilegur að loknum framkvæmdum.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að neikvæð tímabundin áhrif verði á gróður en ekki sé kunnugt um plöntur sem njóti sérstakrar verndar. Framkvæmdir við jarðstreng nálægt tjörn verði utan varptíma en ekki sé talið að lagnastæði séu á varpsvæðum fugla. Almennt sé ekki talið að framkvæmdirnar hafi neikvæð áhrif á fugla.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að fyrirhuguð breyting á línustæði sé í samræmi við stefnu Aðalskipulags Bolungarvíkur 2008-2020. Deiliskipulag fyrir

iðnaðarsvæðið við Tjarnarkamb sé í auglýsingu en í því sé gert ráð fyrir tengivirki með aðliggjandi jarðstrengjum.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdirnar komi ekki til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Bolungarvíkurkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða breytingu á legu og lagningu jarðstrengs Bolungarvíkurlínu 1 í Bolungarvík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif framkvæmdanna verði óveruleg ef fylgt verði þeirri tilhögun sem kynnt var í greinargerð Landsnets. Neikvæð áhrif verði fyrst og fremst tímabundin á meðan framkvæmdum stendur vegna ónæðis og rasks. En að loknum frágangi og þegar svæðið hefur jafnað sig þá verði áhrifin óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjafar ehf f.h. Landsnets við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Bolungarvíkurlína 1, breyting á legu og lagning jarðstrengs í Bolungarvík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010. Einnig leyfi Orkustofnunar skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. ágúst 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson